DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

SVANSMERKIÐ
Prentgripur
1041 0858

Nr. 2612 Síðan 1968
54. árgangur

Miðvikudagur 25. ágúst 2021

Sími 482 1944 · dfs@dfs.is · www.dfs.is
Eyravegi 25 · 800 Selfoss

Mynd: Dagskráin/GPP

Hvergerðingar huga að frekari uppbyggingu grunnskólans

Framkvæmdum við viðbyggingu við Grunnskóla Hveragerðis er vart lokið, en bæjarstjóri vill þó að strax verði farið verið að huga að frekari áföngum við frekari uppbyggingu skólans. Í samtali við Aldísi Hafsteinsdóttur kemur fram að nemenda fjöldi við skólann séu eins og sakir standa 416 sem er mesti fjöldi nemenda sem nokkurn tíma hefur stundað nám við skólann. Samkvæmt upplýsingum frá skólastjórnendum sé von á því að sú tala hækki þegar skóli hefst. „Með þeim fjölda íbúða sem er í byggingu, ásamt ásókn fjölskyldufólks í húsnæði í bæjarfélaginu er þetta rökrétt næsta skref. Það er mikilvægt að áfram sé haldið við frekari uppbyggingu grunnskólans. Nýja viðbyggingin rýmkar verulega við nemendur og starfsfólk frá því sem var og mun því gjörbreyta skólastarfinu. Það er þrátt fyrir það tímabært að huga að hönnun þriðja og fjórða áfanga skólans en frumdrögin að útliti og fyrirkomulagi liggja fyrir," segir Aldís.

Það er Dr. Maggi Jónsson sem hefur hannað allar viðbyggingar við skólann og bæjarstjóri lagði til við bæjarráð að gengið yrði til samninga við hann um hönnun þeirra viðbygginga sem fyrirhugaðar eru við grunnskólann. „Hönnun svona verkefna er tímafrek og það er auðveldara að bregðast hratt við breytingum og taka ákvarðanir um framkvæmdir þegar hönnun liggur fyrir," segir Aldís að lokum. *-gpp*

Eldri borgarar á ferð í miðbænum á Selfossi

Leó Árnason tók á móti eldri borgurum í Árborg í síðustu viku. Gengið var um miðbæinn þar sem Leó sagði viðstöddum sögu hvers húss, hvaða starfsemi það hefði að geyma ásamt frekara skipulagi. Húsin hafa mörg hver fengið átt nokkuð dramatíska feril en öll hafa þau brunnið eða verið rifin, en eru nú risin að nýju, sveitarfélaginu til mikils sóma.

Ferðin er liður í svokallaðri menningargöngu fyrir eldri borgara í Árborg sem sveitarfélagið hefur staðið að. Í máli Þorgríms Óla Sigurðssonar, formanns FEBSEL, kom fram að það væri fengur að ferðunum. Sérstaklega færði hann Sigrúnu E. Kristinsdóttur, sumarstarfsmanni hjá félagsþjónustu Árborgar þakkir fyrir framlag sitt til skipulags og undirbúnings á ferðunum. „Sigrún hefur staðið sig ákaflega vel í öllu skipulagi ásamt því að kynna ferðirnar víða, enda þátttakan jafnan verið góð. Fyrir hönd eldri borgara langar mig til þess að þakka fyrir okkur og vonast til að framhald verði á þessu verkefni, en þetta hefur stutt ríkulega við okkar starf," sagði Þorgrímur Óli meðal annars. -gpp

Set kaupir Dælur og þjónustu ehf

Set ehf á Selfossi hefur fest kaup á fyrirtækinu Dælur og þjónusta ehf. sem nú síðast var í eigu Ísfells hf. Dælur og þjónusta er gamalgróið fyrirtæki sem þjónað hefur innlendum markaði í fjölmörgum atvinnugreinum. Hjalti Þorsteinsson starfaði lengi hjá Dælum en hefur nú verið ráðinn sölu og rekstrarstjóri í lagnavörum í vöruhúsi Set í Reykjavík. Set mun bjóða upp á búnað og lausnir frá virðurkenndum aðilum á sviði dælutækninnar samhliða ýmsum öðrum hliðarvörum með framleiðslu fyrirtækisins og sérsmíði. Þessi útvíkkun á starfsemi Set er rökrétt framhald af ört vaxandi aðkomu félagsins að tæknilegum úrlausnarefnum á fjölbreyttum lagnasviðum fyrir veitustofnanir og ýmsa atvinnuvegi. Hjá Set starfa nú 90 manns í aðalstöðvum félagsins á Selfossi, í vöruhúsi í Klettagörðum, verkmiðju Set Pipes GmbH í Haltern am See í sambandsríkinu Nord Reihn Westphalia í Þýskalandi og nýrri söluskrifstofu félagsins Set Pipes AS í Frederikshavn á norður Jótlandi í Danmörku.

Hvergerðingar vilja einnig tilraunastöðina á Keldum í Ölfus

Ölfusingar hafa óskað eftir því að skoðað verði að flytja Tilraunastöðina að Keldum í Sveitarfélagið Ölfus. Undir þetta taka fulltrúar meirihluta D-lista í Hveragerði í fundargerð bæjarráðs Hveragerðisbæjar. „Bæjarráð Hveragerðisbæjar tekur heilshugar undir hugmyndir Ölfusinga um að viðræður hefjist nú þegar við ráðherra menntamála með það fyrir augum að starfsemi tilraunastöðvarinnar á Keldum verði fundin heppileg lóð í Ölfusi. Í því sambandi vilja fulltrúar D-listans benda á að staðsetning umræddrar starfsemi hlýtur ávallt að koma sterklega til greina að Reykjum í Ölfusi. Þar fer starfsemi Landbúnaðarháskóla Íslands að hluta fram í dag. Ljóst er að samlegðaráhrif í rekstri þessara tveggja stofnana yrðu mikil og einnig yrði þar með skotið sterkari stoðum undir þá starfsemi sem þegar fer fram á Reykjum. Auk þess er rétt að geta þess að Reykir eru afar vel staðsettir miðað við allar tengingar hvort sem er við höfuðborgarsvæðið og/eða Suðurland og þar er öll nauðsynleg þjónusta innan seilingar. Að mati meirihluta D-listans er því full ástæða til að hvetja bæði forsvarsmenn Ölfusinga sem og ráðuneytis menntamála til að hefja nú þegar viðræður er byggja á ofangreindu og með þá augljósu staðreynd að leiðarljósi að Reykir séu fyrsti kostur þegar kemur að því að finna heppilegt svæði fyrir nýjar stofnanir tengdum landbúnaði í Ölfusi.

Tillagan var samþykkt samhljóða og bæjarstjóra falið að kynna hana öllum sem að málinu koma ásamt því að benda á að viðamikil starfsemi á vegum Landbúnaðarháskóla Íslands fari fram á svipuðum slóðum, í Keldnaholti í Reyjavík. „Starfsemi Landbúnaðarháskóla Íslands sem einnig er í uppnámi verði áform tengd borgarlínu að veruleika. Sú starfsemi ætti vel heima að Reykjum, á landi í eigu ríkisins, í túnfæti höfuðborgarsvæðisins þar sem rík hefð er fyrir rannsóknarstarfi og kennslu.“

Gjafmild börn á Ásamýrarhátíð

Að Ásamýri í Ásahreppi hefur undanfarin sumur verið haldin svokölluð Ásamýrarhátíð þar sem fjölskyldan þaðan og nokkrir vinir hafa komið saman. Sú hefð hefur skapast að börnin í fjölskyldunni reka sjoppu yfir hátíðina þar sem þau selja góðgæti sem þau hafa búið til sjálf. Í ár voru til sölu súkkulaðihúðuð jarðarber, kókoskúlur, safi, muffins og ávaxtaspjót ásamt ýmsu öðru. Í þetta sinn ákváðu börnin að allur ágóði af sölunni skyldi renna til Sigurhæða, sem er úrræði fyrir konur á Suðurlandi sem hafa verið beittar ofbeldi. Hafa börnin þegar afhent Sigurhæðum á fimmtánda þúsund krónur.

Sigurhæðir færa þessum frábæru börnum innilegar þakkir þetta mikilvæga framlag.

Í röð (rá vinstri: Elísabet, Stella Natalía, Sigurdís, Sigríður Svanhvít, Guðrún Sif, Rán, Einar Jökull og Sigurður Ingvar.

Stórglæsileg verslun Motivo opnuð í miðbænum á Selfossi

Opnunarteiti var haldið í versluninni Motivo í síðustu viku, en verslunin fluttist af Austurvegi í miðbæinn á Selfossi. Verslunin þykir stórglæsileg og vöruúrvalið er stóraukið, þó haldið sé í grunngildin. Við settumst niður í kaffisopa með Erlu Gísladóttur sem rekur verslunina ásamt dóttur sinni Ástu Björg Kristinsdóttur. Mikið vatn hefur runnið til sjávar en verslunin var stofnuð árið 2007 og þá í húsnæði við Eyraveginn við hliðina á Veiðisport. Þar var verslunin í rúmt ár. Þá fluttist verslunin að Austurvegi þar sem henni hefur vaxið fiskur um hrygg undir dyggri hönd Erlu, sem lengi stóð vaktina ein. En í dag eru sjö fastir starfsmenn en tíu með aukafólki. Nú heldur sagan áfram og spennandi tímar framundan.

Móttökurnar alveg frábærar

Gestkvæmt var í síðustu viku, þegar blaðamann bar að garði. „Móttökurnar hafa verið alveg frábærar og fólk ánægt með útlit verslunarinnar. Ég held að ég geti sagt að fólk finni ekki svona verslun, með þessu sniði, annarsstaðar,” segir Erla. „Fólk getur komið hingað og fengið sér kaffisopa, bjór, léttvín eða bubblur á krana. Við erum með vínveitingaleyfi og getum tekið áfram á móti hópum eins og verið hefur, en við getum boðið upp á frábæra aðstöðu til þess fyrir ýmsa hópa og við erum strax farin að fá bókanir.” Aðspurð segir Erla að vissulega hafi verið söknuður að Austurveginum þó tilfinningin sé góð að vera flutt. „Það er pínu söknuður af Austurveginum. Okkur hefur gengið mjög vel þar síðustu árin. Við höfum tekið lítil skref í einu í gegn um tíðina en þetta eru dálítið mörg skref í einu sem við tökum núna,“ segir Erla og brosir. Segja má að verslunin hafi tvöfaldað stærð sína, eða rúmlega það, en stærðin á Austurvegi var um 115 m^2 meðan að núverandi verslun er 370 m^2 með lager, en verslunarrýmið er um 300 m^2.

Ásta á heiðurinn af hönnun verslunarinnar

Þegar blaðamaður ræðir útlit verslunarinnar segist Erla vera afar sátt við útkomuna. „Ég verð að koma því á framfæri að Ásta Björg á heiðurinn af þessu en hún hefur ásamt manni sínum smíðað og hannað nánast allt hér inni í versluninni, með hjálp annarra vissulega.” Erla segir að fjölskyldan sé samhent og allir hafi lagst á eitt með að koma verkefninu á koppinn. Það vakti athygli blaðamanns að í suðurenda verslunarinnar má sjá foss streyma niður vegginn, og einhver viðskiptavinurinn sagði að loksins væri hér kominn hinn eiginlegi Selfoss.

Herrarnir geta fengið sér öl meðan þeir eru stílaðir til

Vöruúrval í fatnaði hefur aukist. Hægt er að fá útivistarfatnað, dömufatnað og barnafatnað í miklu úrvali. Þá segir Erla að úrvalið í herrafatnaði hafi aukist umtalsvert. „Við erum með flott vörumerki í herrafatnaði, ekki jakkaföt eða þannig, bara smart föt. Herrarnir eru velkomnir til okkar en starfsfólkið aðstoðar þá við að stíla sig upp. Þá er ekkert verra að fá sér öl á meðan,” segir Erla.

Hægt að versla á vefsíðunni

Áður en við kveðjum Erlu spyrjum við að opnunartíma, en verslunin er opin frá 10 – 18 og 11 – 16 á laugardögum. „Vefsíðan motivo.is er svo auðvitað opin allan sólarhringinn þar sem skoða má vörur og panta. Það er sífellt verið að uppfæra hana þannig að allar nýjustu vörurnar koma strax inn,“ segir Erla að lokum. *-gpp*

Fallegur og tímalaus barnafatnaður
unninn í sátt við móður jörð.
Skoðaðu úrvalið á **www.hladan.is**
eða í verslun að **Austurvegi 54.**

HLAÐAN

10%
20%
30%
40%
afsláttur af
öllum vörum
næstu
14 daga

Fjármála- og tryggingaráðgjöf á einum stað í útibúum Arion banka

Þú getur hitt ráðgjafa frá Verði í útibúum Arion banka á Höfða, Smáratorgi, Selfossi og í Borgarnesi.

Pantaðu fund í útibúi eða fjarfund á arionbanki.is.

arionbanki.is

vörður

Framkvæmdum á Lyngheiðinni loks lokið

Lyngheiði á Selfossi hefur fengið hressilega andlitslyftingu og almenn ánægja er með hvernig til hefur tekist. Framkvæmdir hófust að vori 2020 og átti að ljúka í október það ár. Verkið tafðist umtalsvert, en verkinu lauk ekki fyrr en í síðustu viku. Aðspurður um hvers vegna tafir urðu á verkefninu segir Atli Marel Vokes, sviðsstjóri mannvirkja- og umhverfissviðs „Það má segja að verktími hafi verið og stuttur í útboði miðað við umfang verksins og ástand götunnar. Fleygun var mun meiri en áætlað var, tenging fráveitu við Fossheiði var á miklu dýpi, mikill tími fór í að leggja og tengja nýjar aðveitulagnir inn í öll hús.

Lyngheiðin skartar sínu fegursta á ný. Mynd: Sveitarfélagið Árborg.

Heildarendurnýjun á lögnum reyndist flókin

Lyngheiðin er gamalgróin gata en fyrstu húsin voru reist í kringum 1950. Atli segir að það hafi haft í för með sér áskoranir. „Sem dæmi þurfti að breyta rafmagnstöflum hjá öllum íbúum götunnar áður en hægt var að virkja nýjan straumgjafa vegna eldra ástands raflagna. Þó þessi vinna hafi tekið lengri tíma þá er raunin sú að allir íbúar hafa fengið inn nýjar aðveitulagnir og hefur t.d. þrýstingur á heitu og köldu vatni stórlagast eftir þessar aðgerðir. Einnig var malbikuð svokölluð Litla gata sem var aukaverk sem ánægja er með.“

Sópurinn loksins velkominn

Aðspurður um hvernig til hefur tekist segir Atli: „Það má alveg draga lærdóm af þessu verkefni að endurnýjun eldri gatna tekur í eðli sínu langan tíma og margir óvissuþættir geta komið upp, því er hugsanlega ekki raunhæft að áætla að hægt verði að vinna svona verk á einu ári þar sem gluggi til framkvæmda getur verið mjög lítill vegna aðstæðna. Við viljum meina að vel hafi tekist til og höfum ekki heyrt annað en að íbúar séu ánægðir með þessa framkvæmd þó tafir hafi orðið. Íbúum ber að þakka þolinmæði og einstaklega góð og lipur samskipti á verktímanum og nú má götusópurinn koma,“ segir Atli að lokum og vísar til þess þegar íbúar fengu skilaboð um götusópun þegar gatan var lítið annað en opinn skurður, mörgum til mikillar kátínu. *-gpp*

Látum okkur þetta varða!

Afganistan hefur lengi verið í umræðunni í tengslum við það stríð sem þar hefur geysað um áraraðir. Við höfum áður horft með hryllingi á þá meðferð sem konur hafa fengið af hálfu Talíbana, þær hafa ekki haft sjálfstæð réttindi, sjálfstæðan vilja til framkvæmda, menntunar, kosningarréttar og þeim gert að lifa eftir óraunhæfum kröfum Talíbana án allra mannréttinda og með enga rödd. Ágætis árangri hafði verið náð til að stilla þar til friðar milli Talíbana og Afganskra stjórnvalda, mannréttindi og réttindi kvenna höfðu aukist til muna og þær höfðu rödd, gátu farið frjálsar um og notið þeirra réttinda sem okkur hérna vestan hafs þykja sjálfsögð.

Síðustu daga höfum við fylgst með fréttum af því að Talíbanar hafa tekið völdin í landinu og afganski forsetinn flúið land, flugi aflýst og fúkyrðum hent úr röðum Talíbana í átt að konum þar í landi. Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna hafa lýst yfir sérstökum áhyggjum af stöðu kvenna þar í landi en þessi réttindi sem hart var unnið að því að ná fram verða að vera vernduð. Jafnframt kallar ráðið eftir því að Talíbanar og að allir aðrir tryggi að alþjóðlegri mannréttindalöggjöf sé fylgt og réttindi allra íbúa Afganistan séu virt og vernduð. Við getum ekki, sem alþjóðasamfélag, litið í hina áttina og horft á þetta fara aftur á byrjunarreit. Alþjóðasamstarf og virk þátttaka Íslands í starfi Sameinuðu þjóðanna skiptir sköpum og gefur baráttunni fyrir friði í heiminum aukinn slagkraft. Réttum fram þá aðstoð sem við sem þjóð getum veitt til að vernda mannréttindi kvenna og annarra íbúa í Afganistan. Nú þegar hafa um 400.000 manns verið neyddir á flótta vegna ofbeldis á þessu ári og sársaukaþröskuldurinn í heiminum hefur þegar minnkað og þessi átök eru eingöngu til þess fallin að minnka hann enn frekar og auka þann sársauka sem nú þegar er til staðar. Frá upphafi átaka þar í landi hafa yfir fimm miljónir Afgana flúið og eru utan eigin heimalands.

Hafdís Hrönn Hafsteinsdóttir

Formaður Félags Sameinuðu þjóðanna á Íslandi

Opnum augun og lítum ekki í hina áttina. Það eru um 82 milljónir manna á flótta í heiminum í dag og sífellt færri þeirra sem hafa þurft að flýja heimili sín sjá sér fært að snúa þangað aftur! Þjóðerni eru ekki forréttindi heldur mannréttindi. Við verðum að setja okkur skýra stefnu um hvernig við sem þjóð meðal þjóða ætlum að koma til aðstoðar.

Höfundur er frambjóðandi í 3. sæti á lista Framsóknar í Suðurkjördæmi til Alþingiskosninga 2021.

DAGSKRÁIN FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Prentmet Oddi, Eyravegi 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, www.dfs.is.
Ritstjóri: Gunnar Páll Pálsson, sími 856 0673, gunnar@dfs.is.
Auglýsingadeild: Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum miðvikudegi. Upplag 8.500 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á mánudögum.

Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X

Prentgripur 1041 0858

Gáta vikunnar

Vísnagátur-höf: Ármann Dalmannsson
Útg. Bókaútgáfan SKRUDDA

Ég er veiðiaðferð, sem að ótta vekur.
Að frændum dreg ég forða og vinum.
Frægur bær í Miðfirðinum.

Svar við gátu í blaði 2611: **GÁMUR**
1. Flutninga**gámur** - 2. Matar**gámur**
3. Skyr**gámur**

Sunnlenski matgæðingurinn

Matgæðingar vikunnar eru vinirnir *Stefnir í Óefni* og *Stígur í Minna-Viti*. Þeir eru að skrifa matreiðslubókina „Réttir réttir - það er betra ef það er gott.“ og vona að hún verði íslenskri þjóð til blessunar. Þar verður m.a. að finna krýningarsalat Elísabetar Bretadrottningar og pönnukökur Kim Jong-un og réttinn Inn-út-inn-út-inn-út, sem verður ekki nánar lýst hér. Hverri uppskrift bókarinnar mun fylgja saga og kveðskapur sem tengjast matnum sem hampað er og vinirnir hafa sannreynt að, með fáum undantekningum, er hollur og góður. Ein uppskrift bókarinnar verður Guðnanas - Forsetagrillaðar kjúklingabringur með ananösum.

Stígur og Stefnir urðu slegnir þegar þeim spurðust tíðindin að forseti vor teldi ananas vera óværu ofan á ítölskum flatbökum. Stefni varð að orði við tíðindin:

Í Bessastaðaeldhúsi er
stundað mikið bras
og býsna flókna rétti á
staðnum menn þar elda.
En grauti einhver gastronom á pizzur ananas*
Guðni skrifar tilskipun;
„með töngum skal þá
gelda.“

*Gastronom er haft um fólk sem er frótt um og fært um að elda og njóta háklassa matar. Stefnir og Stígur telja sig í þeim hópi, hvað svo sem öðrum finnst um það.

Stefnir og Stígur sammæltust um að bera í bætifláka fyrir ananasinn og setja fram neðangreinda uppskrift í bjargvissri trú að hún muni ná bragðlaukum forsetans og að hann muni í kjölfarið fara fögrum orðum um ananasinn í öllum nýársávörpum sínum hér eftir.

Guðnanas Forsetagrillaðar kjúklingabringur með ananösum

Fyrir 4
4 kjúklingabringur
150 ml tómatssósa
150 ml soyasósa
220 ml ananassafi
120 g púðursykur
Fjögur pressuð hvítlauksrif eða sama magn maukað úr krukku
1 msk. engifer, mjög fínt skorið, helst maukað
4 sprækir vorlaukar
2 ananassneiðar pr. bringu. Þær mega vera úr dós eða skornar af heilum ananas.

Í það minnsta fjórum klukkustundum fyrir matseldina er öllu gumsinu, nema vorlauknum, bringunum og ananösunum blandað saman. Takið svo frá, í sér ílát, tæplega einn bolla af marineringunni því hún verður notuð síðar til að pensla bringurnar undir grillun eða steikingu.

Öllu gumsinu er svo helt í glæran plastpoka sem þarf líka að rúma allar bringurnar. Bindið rækilega fyrir opið. Veltið innihaldi pokans á um hálftíma fresti (ef það er dagur og þið vakandi) eða leyfið gumsinu að liggja inni í ísskáp yfir nótt (ef þið eruð sofandi eða of drukkin til að muna eftir að gera þetta).

Nú hafið þið val um að grilla kjúklinginn úti við eða steikja hann á pönnu. Það má reikna með að steikja/grilla um 8 mínútur á hvorri hlið. Þið penslið kjötið við og við með marineringunni sem þið settuð í sérílát undir 1. lið hér að ofan. Til að vera viss um að bringurnar séu fulleldaðar má skera í þá þykkustu inn að miðju og skoða hvort hrátt kjöt er í sárinu.

Steikið/grillið ananassneiðarnar þar til þær fara að taka lit. Séuð þið sólgin í ananas þá er sjálfsagt mál að matreiða eins margar sneiðar og þið getið torgað.

Skerið vorlaukana niður í smábúta og stráið liprum fingrum yfir bringurnar og ananasana með töfrandi brosi.

Með Guðnanösum mætti bera fram hrísgrjón eða núðlur og salat að eigin smekk.

Stefnir í Óefni og Stígur í Minna-Viti skora á gatronommann og Dalakofajarlinn Gústav Þór Stolzenwald að gefa uppskrift í næsta blað.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.

blómaval HÚSASMIÐJAN

FYRIR ÞIG

Spennandi störf í timbursölunni hjá Húsasmiðjunni á Selfossi

Vilt þú vera með okkur í liði?

Vegna aukinna umsvifa leitum við að hressum og duglegum aðilum í timburafgreiðslu Húsasmiðjunnar á Selfossi. Um er að ræða framtíðarstörf og 100% starfshlutfall.

Helstu verkefni eru tiltekt og afgreiðsla pantana til viðskiptavina og önnur almenn lagerstörf. Við leitum að öflugum og jákvæðum einstaklingum sem eru tilbúnir að leggja sitt af mörkum við að veita viðskiptavinum okkar framúrskarandi þjónustu.

Hæfniskröfur
- Rík þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- Sjálfstæð og vönduð vinnubrögð
- Sterk öryggisvitund
- Almenn tölvukunnátta
- Lyftarapróf, J réttindi eru kostur

Nánari upplýsingar um störfin gefur Sverrir Einarsson rekstrarstjóri á **sverrir@husa.is.** Umsóknarfrestur er til og með **5. september 2021.**
Öllum umsóknum verður svarað. Sótt er um á ráðningarvef Húsasmiðjunnar **www.husa.is/laus-storf**

Gildin okkar eru: Áreiðanleiki - Þjónustulund - Þekking

Við hvetjum alla áhugasama til þess að sækja um, óháð kyni.

Húsasmiðjan og Blómaval bjóða upp á lifandi starfsumhverfi og frábæran starfsanda. Við leggjum mikla áherslu á símenntun og fræðslu og að starfsmenn fái tækifæri til þess að eflast og þróast í starfi. Starfsmannafélag Húsasmiðjunnar er öflugt og stendur fyrir fjölbreyttum og skemmtilegum uppákomum yfir árið.

Framúrskarandi fyrirtæki 2020

2020 Fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri

STARF

Við leitum að tæknimenntuðum og skipulögðum einstaklingi til starfa á Sogssvæði

Starfið felur í sér tæknilega aðstoð við rekstur, viðhald og bilanagreiningu búnaðar á Sogssvæði.

Viðkomandi annast einnig áætlanagerð og kostnaðargreiningu við innkaup á búnaði, er tengiliður við framkvæmda- og endurbótaverkefni og hefur umsjón með tæknigagnasafni og teikningum á svæðinu.

Æskileg menntun/reynsla/hæfni
– Framhaldsmenntun á véla- eða rafmagnssviði
– Þekking og reynsla af rekstri, viðhaldi og hönnun á sviði raf-, og eða vélbúnaðar og tengdra kerfa
– Þekking og reynsla af verkefnastjórnun
– Þekking á gæðastjórnun og áhættustjórnun
– Samskiptafærni og metnaður til að vera hluti af öflugri liðsheild
– Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
– Tölvu- og hugbúnaðarfærni
– Góð íslensku- og enskukunnátta. Norðurlandatungumál er kostur

Umsóknarfrestur er til og með 2. september
Sótt er um starfið á vef Landsvirkjunar
Landsvirkjun.is

Fyrirspurnir má senda á
starf@landsvirkjun.is

Landsvirkjun

SLÁTURHÚS SELFOSSI

Störf í sláturtíð haustið 2021

Sláturfélag Suðurlands óskar eftir að ráða slátrara sem og almenna starfsmenn til starfa í sláturtíð sem hefst í byrjun september og stendur í um tvo mánuði.

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að sækja um starf á heimasíðu félagsins **www.ss.is** undir „Sækja um starf“.

Nánari upplýsingar hjá SS á Selfossi í síma 480 4100.

Upplýsingar um SS er hægt að nálgast á heimasíðu fyrirtækisins **www.ss.is**.

Zip Line braut - Lýsing á tillögu að breytingu á aðal- og deiliskipulagi í Hveragerðisbæ.

HVERAGERÐISBÆR

Á fundi bæjarráðs Hveragerðisbæjar þann 19. ágúst sl. var samþykkt að kynna fyrir almenningi og öðrum hagsmunaaðilum lýsingu á tillögu að breytingu á aðal- og deiliskipulagi í Hveragerði sbr. 1. mgr. 30. gr. og 2. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Fyrirhuguð aðalskipulagsbreyting felur í sér heimild fyrir „Zip-line“ starfsemi á Árhólmasvæði við Hengladalaá og Varmá í Hveragerði. Í aðalskipulagi er svæðið skilgreint sem strandsvæði og það nýtur hverfisverndar (HV1). Varmá og Ölfusforir eru á náttúruminjaskrá (751) vegna vísindalegs gildi. Í deiliskipulagi fyrir Árhólmasvæðið verður gerð grein fyrir fyrirhuguðum framkvæmdum s.s. aðkomu, bílastæðum og gönguleiðum. Einnig verða settir fram skilmálar um landnotkun, mannvirki og vernd náttúru- og menningarminja.

Skipulagslýsingin, sem gerð er skv. 1. mgr. 30. gr. og 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, liggur frammi á bæjarskrifstofu Hveragerðisbæjar. Frestur til að gera athugasemdir við skipulagslýsinguna er til 20. september 2021.

Þeir sem vilja koma á framfæri athugasemdum, ábendingum eða tillögum, sem nýta má við skipulagsgerðina, skulu senda þær til skipulagsfulltrúans í Hveragerði á heimilisfangið Breiðumörk 20, 810 Hveragerði eða á netfangið gfb@hveragerdi.is

Skipulagsfulltrúi Hveragerðisbæjar

Þegar ég varð læs opnaðist algjörlega nýr heimur

-segir lestrarhesturinn Dagbjartur Sebastian Østerby



Dagbjartur Sebastian Østerby

Dagbjartur Sebastian Østerby fæddist í Reykjavík en ólst upp í Kaupmannahöfn þar sem foreldrar hans stunduðu nám en frá 11 ára aldri í Þorlákshöfn ásamt móður og yngri systur. Eftir að hafa dúxað frá Fjölbrautaskóla Suðurlands hélt hann sjálfur til náms í Kaupmannahöfn og nam þar eðlisfræði í tvö ár. Móðir hans lést svo fyrir aldur fram og lífið hefur síðan atvikast þannig að nú er hann í hagnýttri stærðfræði við HÍ og starfar hjá ÁTVR. Óhætt er að segja að hann sé mikill „nörd“ með áhuga á fjölbreyttum viðfangsefnum en hug hans allan hafa hjólreiðar.

Hvaða bók ertu að lesa núna?

Um þessar mundir er ég með nokkrar bækur á náttborðinu, þar á meðal *The Italian Gentleman* sem fjallar um hina ýmsu sjálfstæðu og rótgrónu klæðskera á Ítalíu, þeirra sögur og stíla eftir héruðum og sjálft handverk þeirra að baki sérsaumuðum jakkafötum, skyrtum, bindum, skóm o.s.frv. Einnig er ég með *The Ultimate Guide To Homebrewing* á náttborðinu sem fjallar um upprunu ýmissa bjórstíla, bruggaðferðir, hráefni og tæki og uppskriftir að bjórum úr öllum áttum. Erfitt er að segja hvað ráði vali mínu á bókum, þar sem ég hef mikinn áhuga á mörgu og fellur þá lestrarefnið oft á tíðum undir það og getur valið verið fremur handahófskennt. Annars kviknar oft áhugi á nýjum viðfangsefnum og erfitt að segja hvernig næsta lestrarefni verði. Að auki hef ég verið að lesa ævisögu Leonard Cohen og gaman að kynnast betur manninn á bakvið listamanninn og hans strögl og raunir í lífinu. En hann byrjaði jú feril sinn sem rithöfundur og ljóðaskáld. Bókina keypti ég á Kastrup flugvelli og hafði þá einmitt hlustað mikið á Cohen. Bókin veitti mér ágæta hugarró fyrir svefninn, þegar ég glímdi við svefnerfiðleika. Svo er ég með bók sem heitir *Lobbying For Change* en orðið lítið gengt í henni, en er þó spennandi lesning um það hvernig hægt sé að „lobbýa“ samfélag til góðs. Annað veifið hef ég líka reynt að glugga í *Physical Biology Of The Cell*, en það er eilítið þurrari lesning og takmarkað hversu mikla þolinmæði ég hef til að lesa hana. Bókin er tæpar þúsund blaðsíður í smáu letri og lítið annað en stærðfræðimál, eðlisfræði og líkindafræði fyrir hina ýmsu líffræðilegu ferla, en uppi eru blikur á lofti um að með stærðfræðina og eðlisfræðina að vopni megi gera stórar uppgötvanir á næstunni í líffræðinni og þannig hægt að skilja betur stór og flókin kerfi sem smærri kerfi mannslíkamans.

BÓKABÆIRNIR AUSTANFJALLS

Hvers konar bækur höfða helst til þín?

Ýmis fræðirit, ævintýrabækur, teiknimyndasögur, ævisögur og skáldskapur sem fjalla um margbreytileika lífsins. Spennusögur fanga ekki athyglina mína í dag. Ég les mér til gagns um hin ýmsu viðfangsefni, annað hvort á stafrænu formi eða bókum sem þá oftar en ekki fellur undir áhugasvið mitt. Sögur af lífi og fólki getur líka stundum gripið athygli mína og mannkynssaga. Raunveruleikinnn getur oftar en ekki verið magnaðri en allur skáldskapur.

Var lesið fyrir þig sem barn?

Þegar ég var ungur drengur þá var oft lesið fyrir mig við rúmgaflinn og yngri systur mína. En ég man að þegar ég varð læs opnaðist algjörlega nýr heimur. Auðvitað voru á ferðinni teiknimyndasögur af öllu tagi sem mér þótti spennandi, en einnig las ég bækur Enid Blyton um félagana fimm sem einmitt móðir mín heitin var svo hrifin af í æsku og *Frank og Jóa*. Einnig var ég satt að segja alltaf mjög hrifinn af sögunum af *Tinna*, *Ástríks og Steinríks* og *Lukku Láka*. En þessar bækur las ég mest á dönsku. *Bróðir minn Ljónshjarta* hafði líka mikil áhrif á mig þegar ég var ungur.

Hvernig lýsir þú lestrarvenjunum?

Óreglulegar. Gott að geta stokkið inn nánast hvar sem er og lesið stuttlega um eitthvað. Ef eitthvað grípur mig þó, þá get ég orðið límdur við lesturinn. Er ég les mér til yndisauka, er það oftast fyrir svefninn en annars er æðislegt að lesa á jólunum eða úti á svona góðviðrisdögum sem hafa verið hér upp á síðkastið í ágústmánuði.

Áttu þér uppáhaldshöfund?

Leonard Cohen, Bob Dylan, Nick Cave. Ég kann einfaldlega að meta tónlist þeirra og textarnir frá þeim eru oft á tíðum mjög vel samdir. Annað veifið getur dottið í mig að fletta upp í þeim og lesa þá þar sem þeir geta verið einkar fallegir. Get þó varla sagt að ég eigi neina uppáhalds rithöfunda sem slíka þar sem góður skáldskapur getur komið úr ýmsum áttum. Bækurnar hans J.R.R. Tolkien eru þó í miklu uppáhaldi og Stephen Hawking hefur skrifað skemmtilegar bækur.

Hefur bók einhvern tímann rænt þig svefni?

Hmm... Það var líklegast *Hobbitinn* sem rændi mig síðast svefni, en það var í einu jólafríinu fyrir þó nokkrum árum síðan. Einnig hefur *Góði Dátinn Svejk* rænt mig svefni, en það var mestmegnis vegna þess að ég valdi hana sem kjörbók í 8. bekk og var hún í lengri kantinum á þeim tímapunkti og það átti víst að skila smá greinargerð og ég kominn í tímaþröng. Góð bók sem verðskuldar endurlestur.

Hvernig bækur myndir þú skrifa sem rithöfundur?

Skopsögur, jafnvel absúrdar skopsögur. Þær yrðu þá líklegast settar fram sem örsögur. Ég myndi þá fyrst og fremst skrifa þær vegna þess að ég hefði gaman af því og í rauninni algjörlega óþarft að aðrir fatti húmorinn. Best væri ef sögurnar væru bara sem allra skrítnastar. En ég væri þó sennilega líklegastur til að skrifa bók með brugguppskriftir að ýmsum spennandi bjórum einn daginn. Annars tel ég mig alls ekki líklegan til að skrifa bók sjálfur.

Umsjón: Jón Özur Snorrason

Jarðskjálftar vegna niðurdælingar skóku Hvergerðinga

Í síðustu viku fundu íbúar í nágrenni Hengilssvæðisins fyrir röð jarðskjálfta. Eftir að málið var kannað kom fram að vísindafólk frá Orku náttúrunnar teldi líklegt að röð jarðskjálfta sem áttu upptök sín við Húsmúla í vestanverðum Henglinum væri vegna niðurdælingar. „Jarðhitavatni sem nýtt er í Hellisheiðarvirkjun hefur síðasta áratuginn verið dælt niður í jörðina aftur eftir að orkan í því hefur verið nýtt í virkjuninni til vinnslu á rafmagni og heitu vatni fyrir hitaveituna á Höfuðborgarsvæðinu.“

Mælanet rekið á vinnslusvæðinu

Í tilkynningu frá ON kemur fram að fyrirtækið reki jarðskjálftamælanet á vinnslusvæðinu til að fylgjast náið með skjálftavirkni. „Skjálftarnir hafa engin áhrif haft á rekstur virkjunarinnar,“ segir jafnframt.

„Orkuvinnsla á Hengilssvæðinu á sér um 30 ára sögu og mikið magn jarðhitavökva er tekið upp úr jarðhitakerfinu og dælt aftur niður eftir nýtingu þess í virkjunum. Ástæða þess að vatninu er dælt niður í jörðina aftur er að það eykur sjálfbærni jarðhitanýtingarinnar og dregur úr umhverfisáhrifum en það er einnig skilyrði í nýtingarleyfi Orkustofnunar.

Dæmi eru um að þegar breytingar hafa verið gerðar á niðurdælingu hafi það valdið smáskjálftavirkni á svæðinu. Engar slíkar breytingar voru í gangi þegar skjálftarnir hófust. Engu að síður telur vísindafólk Orku náttúrunnar að skjálftarnir tengist þeim spennubreytingum sem langvarandi niðurdæling veldur og fylgjast því grannt með framvindunni.“ *-gpp*

Íbúar Þorlákshafnar ánægðastir

Eins og sunnlendingurinn Jónas Sigurðsson, kenndur við Ritvélar framtíðarinnar, er hamingjan hér, eða öllu heldur í Þorlákshöfn. Ný útkomin skýrsla Byggðastofnunar á afstöðu íbúa til búsetu í stærri bæjarfélögum og á höfuðborgarsvæðinu sýnir að ánægðustu íbúarnir búi í Þorlákshöfn, Grindavík og í Hveragerði. „Á þessum sömu stöðum er hlutfall þeirra sem segja lífsskilyrði hafa batnað á síðustu árum jafnframt hæst. Þá sker Þorlákshöfn sig töluvert úr þegar kemur að viðhorfi gagnvart lífsskilyrðum í framtíðinni en rúmlega 90% telja að þau muni batna mikið eða nokkuð á næstu árum. Flestir svarenda um land allt voru þó bjartsýnir á að lífsskilyrði muni batna að einhverju leyti á næstu árum en svarendur á höfuðborgarsvæðinu skáru sig þó nokkuð úr en um fjórðungar svarenda þar telja að lífsskilyrði muni versna nokkuð eða mikið á næstu árum.“

Áhugaverðar upplýsingar um byggðamál

Byggðastofnun hóf á árinu 2019 viðamikla rannsókn á búsetuáformum landsmanna í samstarfi við innlendar og erlendar háskólastofnanir. Tilgangur rannsóknarinnar var að fá greinargott yfirlit um búsetuþróun á Íslandi, orsakir hennar og afleiðingar. Starfið var leitt af Þóroddi Bjarnasyni prófessor við Háskólann á Akureyri. Fyrsta áfanga lauk 2019 og fjallaði hann um áform fólks sem býr í smærri bæjum og þorpum. Annar og þriðji áfangi voru sambærilegar kannanir, önnur meðal fólks sem býr í dreifbýli og hin í stærri þéttbýliskjörnum og á höfuðborgarsvæðinu. Skýrslurnar má nálgast á verfsíðu Byggðastofnunar, byggdastofnun.is. *-gpp*

Nýir rekstraraðilar í Skálholti

Bjarki Þór Ingigerðar- og Sólmundarson og Gunnhildur Helga Gunnarsdóttir hafa tekið við rekstri gisti- og veitingaþjónustu í Skálholti. Þau taka við rekstrinum úr hendi Sigurbjargar Bjarneyjar Ólafsdóttur, en henni eru færðar þakkir fyrir gott samstarf og þjónustu af stjórn Skálholts. Bjarki og Gunnhildur eru frændsystkin, en þau munu leggja áherslu á einstaka matarupplifun og að sem mest af hráefninu sé úr næsta nágrenni. Þau munu annast alla veitinga- og gistiþjónustu við námskeið og fyrirlestra, málþing og námskeið, fundi og ekki síst kyrrðardaga og aðra rótgróna dagskrá sem verið hefur í Skálholti um áratugaskeið.

Fyrir gesti og gangandi er einstakt að snæða í matsalnum og undir garðskálanum eða í garðinum þar fyrir utan þar sem sést svo vel til Skálholtsdómkirkju. Gistingin er fjölbreytt en auk gistingar í fínum herbergjum í Skálholtsskólanum er gisting í Skálholtsbúðum og í sumarhúsum þar auk einbýlishússins Selisins með fimm herbergjum, potti og palli.





íþróttir

Þrenna hjá Brenna

KNATTSPYRNA Selfoss vann góðan 3-4 sigur á Fylki í Pepsi Max deildinni í Árbænum í seinustu viku þar sem Brenna Lovera fór á kostum og skoraði þrennu.

Brenna kom Selfyssingum í 0-2 eftir tíu mínútur og í uppbótartíma fyrri hálfleiks kom Magdalena Anna Reimus Selfyssingum í 1-3. Öll mörkin eftir stoðsendingingu frá Caity Heap.

Brenna fullkomnaði þrennuna á 62. mínútu þegar hún kom Selfyssingum í 2-4 eftir sendingu frá Susanna Friedrichs. Heimakonur minnkuðu muninn í 3-4 undir lok leiksins.

Selfoss er nú í 4. sæti deildarinnar með 22 stig og mætir næst ÍBV á heimavelli á mánudagskvöld.

Selfoss fór með sigrinum upp í fjórða sæti með 22 stig, jafnmörg og Þróttur en sæti neðar en með slakari markatölu. Næsti leikur liðsins var gegn ÍBV á mánudag en liðið fær Tindastól í heimsókn laugardaginn 4. september kl. 14. *-Umf. Selfoss*

Brenna er markahæst í Pepsi Max-deildinni með tólf mörk. Ljósmynd: Fótbolti.net/Arnar Helgi Magnússon.

Gary skoraði mark Selfyssinga. Ljósmynd: Fótbolti.net/Hafliði Breiðfjörð

Tap gegn Fram

KNATTSPYRNA Selfyssingar lutu í gras gegn toppliði Fram í Lengjudeildinni á föstudag.

Leikar fóru 2-1 í Safamýrinni en það var Gary Martin sem skoraði mark Selfyssinga á 67. mínútu þegar hann minnkaði muninn í 2-1.

Selfyssingar sitja sem fyrr í 10. sæti deildarinnar með 15 stig, fimm stigum fyrir ofan fallsæti. Næsti leikur liðsins var gegn Aftureldingu í gær en liðið sækir botnlið Víkings heim í Ólafsvík á laugardag kl. 14. *-Umf. Selfoss*

Alfreð fagnar bikarmeistaratitli árið 2019. Ljósmynd af fésbókarsíðu knattspyrnudeildar Selfoss.

Alfreð kveður að loknu tímabili

KNATTSPYRNA Alfreð Elías Jóhannsson hefur tilkynnt stjórn knattspyrnudeildarinnar að hann muni ekki endurnýja samning sinn sem þjálfari meistaraflokks kvenna þegar samningurinn rennur út í haust.

Alfreð hefur verið þjálfari meistaraflokks undanfarin fimm keppnistímabil og náð frábærum árangri. Hann fór með liðið beint upp úr 1. deildinni sumarið 2017 og gerði það svo að bikarmeisturum 2019 og meisturum meistaranna 2020. Undir stjórn Alfreðs hefur Selfossliðið fest sig í sessi sem eitt af toppliðunum á landinu.

Knattspyrnudeild Selfoss þakkar Alfreð fyrir frábært starf á undanförnum árum og óskar honum velfarnaðar í framtíðinni. *-Umf. Selfoss*

Haukar sigurvegarar á Ragnarsmóti

HANDBOLTI Haukar sigruðu Fram í úrslitaleik Ragnarsmóts karla, en mótinu lauk á laugardaginn. Selfoss endaði í fjórða sæti eftir tap gegn ÍBV. Þá sigraði Stjarnan Aftureldingu í leik um fimmta sætið.

Selfoss og ÍBV mættust í Suðurlandsslag um þriðja sætið. Leikurinn var jafn framan af og staðan í hálfleik 16-16. ÍBV náði forskoti í upphafi seinni hálfleiks og hélt því til leiksloka en lokatölur urðu 30-25.

Darri Aronsson úr Haukum var valinn besti leikmaður mótsins. Þá var Stefán Darri Þórsson úr Fram valinn besti varnarmaðurinn og Tjörvi Þorgeirsson úr Haukum besti sóknarmaðurinn. Petar Jokanovic úr ÍBV var valinn besti markmaðurinn. Ragnar Jóhannsson, leikmaður Selfoss, var markahæsti maður mótsins með 15 mörk. Við óskum Haukum til hamingju með titilinn og leikmönnum til hamingju með viðurkenninguna. *-UMFS/esó*

Meistaraflokkur karla við leiði Ragnars Hjálmtýssonar, en mótið er haldið í minningu hans. Ljósmynd: Umf. Selfoss

Sigurlið Umf. Selfoss.

Persónlegar bætingar á Unglingamóti HSK

FRJÁLSAR Unglingamót HSK í frjálsum fyrir keppendur 15 – 22 ára var haldið á Selfossvelli 19. ágúst og mættu keppendur frá sjö félögum til leiks.

Engin héraðsmet voru sett á mótinu en margir voru að bæta sinn persónulega árangur.

Það var hörkukeppni um stigabikarinn á mótinu milli Selfoss og sameiginlegs liðs Heklu og Garps. Selfyssingar stóðu uppi sem sigurvegarar í lok móts með 146 stig, en lið Garps og Heklu var með 129 stig. Hrunamenn urðu í þriðja sæti með 55 stig. *-hsk*

Met og titlar á MÍ öldunga

FRJÁLSAR Þrír keppendur af sambandssvæði HSK tóku þátt í MÍ öldunga í frjálsum sem haldið var á Sauðárkróki helgina 14.-15. ágúst sl.

Yngvi Karl Jónsson og frændurnir og æfingafélagarnir Sigmundur Stefánsson og Jón M. Ívarsson gerðu góða ferð norður og komu til baka hlaðnir verðlaunapeningum. Yngvi Karl vann þrjá titla og fimm silfur, Sigmundur hlaut tvö brons, tvö silfur og eitt gull og Jón M. náði í tvö silfur og eitt gull.

Þeir kappar settu samtals fjögur HSK met á mótinu. Yngvi Karl bætti eigið met í hástökki í flokki 55 – 59 ára, Sigmundur setti héraðsmet í sleggjukasti og spjótkasti og Jón setti héraðsmet í lóðkasti, en þeir keppa báðir í flokki 70 – 74 ára.

Heildarúrslit mótsins má sjá á www.hsk.is. *-hsk*

Sigmundur og Jón kepptu á MÍ öldunga.

F.v. eru Þórir Haraldsson formaður handknattleiksdeildar, Örn og Guðmundur Steinþórsson frá unglingaráði deildarinnar. Ljósmynd: UMFS

Örn ráðinn íþróttastjóri

HANDBOLTI Örn Þrastarson hefur verið ráðinn íþróttastjóri handknattleiksdeildar Umf. Selfoss. Staða íþróttastjóra er ný innan deildarinnar og tekur yfir allt faglegt starf hennar ásamt yfirumsjón með þjálfun yngri flokka félagsins og stjórn handknattleiksakademíu deildarinnar. Starfið var auglýst í vor og bárust fjöldi umsókna, öllum þeim sem sóttu um er þakkað fyrir áhugann

Örn þarf varla að kynna, en hann er öllum hnútum kunnur í félaginu, hefur komið víða við í starfinu undanfarin ár í þjálfun o.fl. Hann hefur m.a. þjálfað yngri flokka félagsins, verið aðalþjálfari mfl. kvenna í fjögur ár, aðstoðarþjálfari mfl. karla sl. tvö ár og haft umsjón með handknattleiksakademíunni. Stjórn og unglingaráð deildarinnar eru ánægð með ráðninguna og vonast til að hún muni efla faglegt starf deildarinnar til langs tíma. *-Umf. Selfoss/esó*

BREYTINGAR Á DREIFINGU DAGSKRÁRINNAR

Frá og með 1. september nk. verður Dagskránni ekki lengur dreift inn á hvert heimili á Suðurlandi.

Leiðir til að fá Dagskrána

1. Í blaðakössum á Selfossi, Hveragerði, Þorlákshöfn, Stokkseyri og Eyrarbakka.
2. Í öllum helstu þjónustustöðum á Suðurlandi.
   Öllum helstu matvöruverslunum og bensínstöðvum ásamt fleiri þjónustustöðum.
3. Send heim að dyrum.
   *Hægt er að sækja um þjónustuna inni á **dfs.is/dreifing** eða í síma 482 1944. Þú greiðir póstburðargjaldið og færð blaðið inn um lúguna í hverri viku.*

Hægt er að lesa nánar um breytingar á dreifingarmálum Dagskrárinnar í fréttatilkynningu sem birt var á dfs.is.

DAGSKRÁIN FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Sími 482 1944
dfs@dfs.is
www.dfs.is

TÓNLISTARKENNARI ÓSKAST

TÓNLISTARSKÓLI RANGÆINGA

Tónlistarskóli Rangæinga óskar eftir gítarkennara í 30% starfshlutfall.

Kennt er samkvæmt aðalnámskrá tónlistarskólanna.

Menntunar og hæfniskröfur:

- Tónlistarkennaramenntun eða tónlistarmenntun sem nýtist í starfi.
- Færni í mannlegum samskiptum.
- Íslenskukunnátta eða vilji til að læra íslensku.
- Metnaður fyrir kennslu nemenda á öllum aldri og öllum námsstigum.
- Áhugi og metnaður fyrir samstarfi innan skólans.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningum sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

Við Tónlistarskóla Rangæinga starfa um 20 tónlistarkennarar, þar er góður starfsandi og blómlegt starf.

Umsóknum skal fylgja ferilskrá ásamt kynningarbréfi með rökstuðningi um hæfni viðkomandi í starfið. Öllum umsóknum verður svarað.

Frekari upplýsingar um starfið veitir Sandra Rún Jónsdóttir skólastjóri í gegnum netfangið sandra@tonrang.is. Umsóknir skulu einnig sendar á það netfang.

Umsóknarfrestur er til og með 26. ágúst 2021.

Vallarbraut 16, 860 Hvolsvöllur | Hella: 487 5944 | Hvolsvöllur: 488 4280 | tonrang@tonrang.is | www.tonrang.is

FUNDIR

KRABBAMEINSFÉLAG ÁRNESSÝSLU
Símatími alla virka daga frá kl. 13:00 til kl. 16:00 sími 788 0300.

Al-Anon Selfossi
Al-Anon fundir á þriðjudögum kl. 20:00, nýliðafundur kl. 20:30 fundur, Hrísholti 8

Al-Anon
Al-Anon fundur - Einn dagur í einu. Laugardagsmorgnum kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA
Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Mið. kl. 21 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA Opinn fundur
Sun. kl. 11 - AA fundur
Sun. kl. 14 - PPG opinn fundur
Sun. kl. 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

AA Sporgöngufólk f. alla
Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla
Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA
Áttu erfitt með að hætta að borða? OA 12 spora fundir Overeaters Anonymus alla þriðjudaga kl. 19 Hrísholti 8.

CoDA
Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

Leiðin út á þjóðveg
Fundir í Rauðakrosshúsinu, Mánamörk 1, Hveragerði, efri hæð, fimmtudaga kl. 20:30.

TUNGUMÁL

Enskukennari
Óska eftir að ráða mér enskukennara til að kenna mér ensku. Borga ótrúlega vel. Upplýsingar í síma 483 3568.

BÍLAR

KLETTUR ehf.
Bifreiðaverkstæði
Sími 482 4012, Hrísmýri 3, Selfossi
Þjónustuskoðanir Heklu-bifreiða og almennar bílaviðgerðir.
Hjólastillingar
Dekkja- og smurþjónusta
Sími 482 4069
HEKLA

AB SKÁLINN
Gagnheiði 11
800 Selfossi
Sími 482 2200
GSM 894 2277
Fax 482 2777
Yfirbyggingar - Réttingar
Bílamálun - Rúðuskipti

ÞJÓNUSTA

BR FLUTNINGAR
S. 662 1122
Daglegar ferðir
SELFOSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

ICECOOL
Bifreiða- og breytingaverkstæði
Gagnheiði 51, Selfossi
Sími 482 1361 - gunni@icecool.is

KJARNABÓKHALD
Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.
Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is
Ráð í rekstri !

Hjá Maddý ehf.
Eyravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is
Bókhald - ráðgjöf skattskil
Þjónusta við einstaklinga og fyrirtæki
Persónuleg þjónusta

VH Tækjaleiga
Til leigu 2,8 tonna minigrafa.
Upplýsingar í síma 892 5741.

HEILSA

Nudd – Svæðanudd
Dáleiðsla
Augnlestur og heilsuráðgjöf
Einföld en áhrifarík ráð við ýmsum heilsuvandamálum
Alla fimmtudaga í Heilsulindinni Miðgarði, Austurvegi 4, Selfossi.
Heiðar Ragnarsson
Sími 898 1501

Skeytasendingar Selfossveitna í Árborg

Sveitarfélagið Árborg stendur sig vel í að upplýsa íbúa og vara við þegar eitthvað fer úr lagi með vatns og hitaveitu. Svo illa vildi til að heitavatnið fór af bænum í vikulokin seinustu, en viðgerðin stóð stutt yfir og vatnið komst á tiltölulega snögglega. Íbúar fóru þó að velta fyrir sér hvort hefði skapað meira ónæði, vatnsleysið eða skeytasendingar Selfossveitna. „Ég veit ekki hvort var meira ónæði fyrir mig, vatnsleysið eða öll sms – skilaboðin til að biðjast afsökunar á því.“ Íbúar báru saman bækur sínar og einn taldi sig hafa fengið 49 sms. En allar voru umræð-

urnar í léttum dúr og fólk henti gaman af skeytunum.

„Markmiðið að upplýsa íbúa“

Dagskráin hafði samband við Sigurð Þór Haraldsson, veitustjóra og spurði fregna. „Það er einhver leiðinda villa í kerfinu og við erum að láta rekja hvað það er sem veldur því auk margra skeyta voru tafir á afhendingu um heila klukkustund eða meira .“ Sigurður segir jafnframt að markmiðið sé vissulega að halda íbúum upplýstum um gang mála þannig að þeir viti af og geti brugðist við truflunum í kerfinu. „Það er þó jákvætt að þetta fer að minnsta kosti ekki fram hjá neinum þegar búið er að fá nokkur sms,“ segir Sigurður og vonar að þetta hafi ekki haft mikil áhrif á íbúa. „Við erum að vinna í því að koma í veg fyrir þetta þannig að íbúar fái bara eina tilkynningu í hvert sinn.“ *-gpp*

KIRKJUR

Selfosskirkja
Guðsþjónusta sunnudaginn 29. ágúst kl. 11. Kirkjukórinn syngur, organisti Edit A. Molnár, prestur Guðbjörg Arnardóttir.

Skálholtsdómkirkja
Guðsþjónusta kl. 11. Sr. Axel Á. Njarðvík annast prestsþjónustuna. Organisti er Jón Bjarnason.

Haukadalskirkja
Ferming kl. 13. Sr. Axel Á. Njarðvík annast prestsþjónustuna. Organisti er Jón Bjarnason.

Torfastaðakirkja
Ferming kl. 16. Sr. Axel Á. Njarðvík annast prestsþjónustuna. Organisti er Jón Bjarnason.

Aðventistar
Safnaðarheimili aðventista, Eyravegi 67, Selfossi, 28. ágúst. Biblíulexíur kl. 11 og guðsþjónusta kl. 12. Eric Guðmundsson verður með ræðu.

FUNDIR



Vöfflukaffi / fjarkaffi
Laugardaginn 28. ágúst frá kl. 11 til 12 spjallar Hafdís Hrönn við Sólveigu Þorvaldsdóttir jarðskjálftaverkfræðing og fyrrv. forstjóra Almannavarna Ríkisins. Áhugasamir geta fylgst með og sent inn spurningar á: facebook.com/framsoknarflokkurinn.iarborg/

HÚSNÆÐI ÓSKAST

Íbúð óskast
Eldri hjón óska eftir að taka á leigu 70-80 m² íbúð á Selfossi. Uppl. í 894 3555.

TIL LEIGU

Til leigu á Selfossi
40 m² íbúð á Selfossi til leigu. Nálægt FSu. Innifalið er hiti, rafmagn og internet. Laus 1. sept. Uppl. í síma 486 6679.

Kórfélagar ML létu sóttvarnabúninginn ekki trufla æfingarnar.

Gleðin alltumlykjandi að fá að hitta samstarfsfólkið í eigin persónu

Kennsla er um það bil að hefjast í skólum landsins. Margir bundu við það vonir að þetta haustið væri skólinn kominn í hefðbundinn gír og kórónuveirufaraldurinn í baksýnisspeglinum. Enn einn veturinn fara menntastofnanir inn í óvissuna. Í Menntaskólanum á Laugarvatni er fólk þó bjartsýnt og tilbúið í veturinn, en kennsla hófst 25. ágúst.

Stefna á að fara varlega af stað

Jóna Katrín Hilmarsdóttir, aðstoðarskólameistari ML segir veturinn leggjast vel í starfsfólkið. „Veturinn leggst vel í starfsfólkið og gleði alltumlykjandi að fá að hitta samstarfsfólkið í eigin persónu nú í upphafi annar. Okkar stefna hér í ML er að fara frekar varlega af stað og geta þá vonandi slakað á sóttvarnarráðstöfunum þegar fram líða stundir. T.a.m. verða nemendur að bera grímur í kennslustundum þó að leyfi sé fyrir því af hálfu stjórnvalda að slaka meira á en svo. Þessi ákvörðun er tekin m.a. með tilliti til undirliggjandi sjúkdóma og aðstæðna í nærumhverfi starfsfólks.“

Leysa málin í félagslífinu í takt við sóttvarnir

Það er ekki hægt að líta fram hjá þeirri staðreynd að félagslíf nemenda hefur litast umtalsvert af sóttvarnarráðstöfunum í samfélaginu. Jóna Katrín segir það stefnuna að fresta helst engu og leysa málin og finna leiðir í takt við gildandi sóttvarnatakmarkanir. Skólinn og nemendafélagið Mímir eigi í náinni samvinnu. „Það gekk einstaklega vel síðastliðinn vetur en við vonum þó að þennan vetur takist okkur að framkvæma meira af því sem

Jóna Katrín Hilmarsdóttir, aðstoðarskólameistari ML.

við ætlum okkur en seinasta skólaár. Það voru fjölmargar hugmyndir og áætlanir sem við lögðum mikla vinnu í með nemendum síðasta vetur sem síðan þurfti að sópa út af borðinu þegar breytingar urðu á sóttvarnarreglugerðum. Það kom mér á óvart æðruleysi og dugnaður unga fólksins sem mætti tilmælum stjórnvalda og skólastjórnenda af skilningi þrátt fyrir að öllum þætti þetta lýjandi og erfitt til lengdar.“

Stormurinn gengur yfir að lokum

Hvernig er stemningin í mannskapnum svona almennt m.t.t. ástandsins, sem við öll vonuðumst eftir að vera komin fyrir?
„Nú hefjum við þriðja skólaárið í skugga kórónuveiru og verulega er farið að reyna á mannskapinn, alls staðar í þjóðfélaginu. En við verðum að styðja hvert annað og við sem eldri erum ættum að minna unga fólkið, börnin okkar, á að þetta mun ganga yfir. Okkur líður ekki þannig þegar við erum stödd í storminum miðjum en allt mun þetta ganga yfir á endanum. Við þurfum öll að vanda okkur, sinna sóttvörnum og taka tillit til annarra og nýta þau tækifæri sem gefast til að gleðjast og vaxa,“ segir Jóna Katrín að lokum. *-gpp*

Heilsuræktarámskeið fyrir eldri íbúa í Árborg

Þann 2. september nk. gefst íbúum Árborgar 60 ára og eldri kostur á að sækja heilsuræktarnámkeið sér að kostaðarlausu. Námkeiðið er haldið í samstarfi við Sveitafélagið Árborg og verkefnið Heilsueflandi Samfélag, sem Árborg er þátttakandi í.

Berglind Elíasdóttir íþróttakennari kennir námkeiðið en Berglind lauk M.Ed. prófi í íþrótta- og heilsufræðum með áherslu á þjálfun eldri aldurshópa 2016. Berglind vann meistaraverkefni sitt undir leiðsögn Dr. Janusar Guðlaugsonar sem er einn reynslumesti sérfræðingur í þessum fræðum hér á landi. Berglind skoðaði meðal annars hverskonar þjálfun ber mestan ávinning fyrir eldri aldurshópa og hvort þörf væri fyrir betra aðgengi og fræðslu fyrir þennan hóp. Niðurstöðurnar gáfu til kynna að auka þyrfti fræðslu og tækifæri til heilsueflingar eldri aldurs hópa. Berglind hefur starfað við líkamsræktarþjálfun síðan 2008 og undanfarin 6 ár sinnt þjálfun eldri aldurshópa.

Berglind Elíasdóttir

Æfingar fara fram í nýja íþróttahúsinu á Selfossi

Markmið námskeiðsins er að viðhalda og efla heilsu fólks og gera einstaklingana sjálfbærari hvað varðar eigin heilsueflingu. Með því að huga vel að þessu aukum við tímann þar sem fólk getur sjálft sinnt athöfnum dagslegs lífs og eru betur í stakk búin að takast á við lífið. Heilsa er líkamleg, andleg og félagsleg vellíðan og þarf að huga að öllum þessum þremur þáttum í heilsueflingu. Lögð verður áhersla á styrktarþjálfun á námskeiðinu sem er afar mikilvæg á þessum aldri til að bregðast við einkennum öldrunar á borð við vöðvarýrnun, beinþynningu o.fl.. Ásamt því verður þol, jafnvægi og lipurð þjálfuð. Einstaklingum verður mætt þar sem þeir eru staddir í líkamlegri getu og allir fá æfingar við hæfi. Líkamleg þjálfun léttir lundina og að æfa í hóp gerir mikið fyrir félagsleg tengsl. Æfingarnar fara fram í nýja fjölnota íþróttahúsinu við frjálsíþróttavöllinn á Selfossi á þriðjudögum og fimmtudögum kl. 10:30-11:30. Húsið er glæsilegt og aðstaðan góð, Sveitafélagið Árborg styrkti Félag eldriborgara á Selfossi um æfingaáhaldakaup sl. vetur og verða þau áhöld til afnota. Staðsetning hússins er góð með íþróttasvæðið allt um kring sem býður upp á möguleika á þjálfun utandyra þegar vel viðrar.

fremst fyrir bragðið
Síðan 1907

Húsnæði óskast

Sláturfélag Suðurlands óskar eftir íbúðum/húsum eða einstaklingsherbergjum til leigu fyrir starfsmenn félagsins yfir komandi sláturtíð í haust. Æskilegt er að húsbúnaður fylgi. Leigutíminn er frá byrjun september og fram í fyrstu viku nóvember. Öruggar greiðslur eru í boði fyrir hentugar eignir og góðri umgengni heitið.

Áhugasamir eru vinsamlega beðnir um að hafa samband við :

Einar Hjálmarsson í síma/netfang:
480 4103 – einarhj@ss.is .

Þórhildi Þórhallsdóttur í síma/netfang:
575 6030 – thorhildur@ss.is.

Selfossi, 23. ágúst 2021
2102349

Sveitarfélagið ÁRBORG

Auglýsingum skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg

Samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst tillaga að breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Árborgar.

1. Aðalskipulagsbreyting – Nauthagi, Selfossi

Bæjarstjórn Árborgar samþykkti á fundi sínum þann 9. júní 2021 að auglýsa tillögu að aðalskipulagsbreytingu fyrir Nauthaga á Selfossi. Um er að ræða breytingu á hluta af vestasta reit ú2 þar sem íbúðarbyggð kemur í stað opins svæðis til sérstakra nota. Vestasti hluti ú2 er um 8.000m^2 að stærð og minnkar hann í um 6.200m^2. Fyrirhuguð íbúðarlóð er u.þ.b. 2.000m^2 að stærð og á henni er gert ráð fyrir um 700m^2 byggingu með 6-8 íbúðum á einni hæð.

Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst tillaga eftirfarandi deiliskipulagsáætlunar.

2. Deiliskipulagstillaga – Nauthagi, Selfossi

Bæjarráð Árborgar samþykkti á fundi sínum þann 8. júlí 2021 að auglýsa tillögu að deiliskipulagi fyrir Nauthaga, Selfossi. Um er að ræða deiliskipulag vegna nýrrar lóðar við Nauthaga 2 á Selfossi. Markmið deiliskipulagsins er að byggja upp íbúðar- og þjónustukjarna með 6-8 íbúðum vegna sértækra búsetuskilyrða sem Bergrisinn bs. mun standa að.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammmi á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Austurvegi 67, Selfossi. Að auki er hægt að nálgast tillögurnar á heimasíðu Sveitarfélagsins Árborgar á vefslóðinni www.arborg.is

Tillögurnar eru auglýstar með athugasemdafresti frá 25. ágúst 2021 til og með 6. október 2021. Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögurnar, og er frestur til að skila inn athugasemdum til 6. október 2021.

Athugasemdum og ábendingum skal skila skriflega á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Austurvegi 67, 800 Selfossi, eða netfangið skipulag@arborg.is

Virðingarfyllst,
Anton Kári Halldórsson
skipulagsfulltrúi

Skemmtiferð eldri borgara

Lautarferð í Hellisskóg

Föstudaginn 3. september nk. fara eldri borgarar í Árborg í lautarferð í Hellisskóg, hámarksfjöldi 50 manns.

Mæting er við bílastæðin hjá Hellisskóg kl. 13.

Díana Gestdóttir tekur á móti hópnum með léttri heilsueflingu fyrir þá sem vilja.

Helgi Hermannsson, gítarleikari, tekur lagið og leiðir hópinn í söng.

Ráðlagt er að hafa meðferðis sessu eða teppi, vatnsbrúsa og mæta klædd fyrir útivist, eftir veðri.

Skráning er hjá þjónustuveri Árborgar í síma 480 1900.

Kaffi og léttar veitingar verða í boði og ferðin er ókeypis.

Með fyrirvara um gildandi fjöldatakmarkanir og sóttvarnareglur.
Árborg minnir á að gæta nándarreglna. Grímur og handspritt á staðnum.

Sveitarfélagið ÁRBORG

HEILSUEFLANDI SAMFÉLAG
Sveitarfélagið Árborg
vellíðan fyrir alla

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS
2612 Miðvikudagur 25. ágúst 2021

Járnvinnsla í Flóanum óskrifað blað

Járnslagg. Myndirnar tók Páll Imsland.

Páll Imsland, jarðfræðingur og áhugamaður um Flóann ætlar að efna til opins útifundar á hlaðinu í Smjördölum fimmtudaginn 26. ágúst nk. klukkan 20:30. Efni fundarins er nokkuð merkilegt en Páll ætlar að kynna svo kallað járnslagg. „Fundarefnið er sögulegs eðlis. Það gæti verið um járngerð og járnnám í Flóanum á landnáms- og söguöld, en ekkert er til um þetta efni á prenti," segir Páll.

Sannfærður um að Flóamenn hafi verið drjúgir við járnvinnslu

Fram kemur hjá Páli að ekkert járn hafi verið flutt til landsins fyrr en um 1450, svo kallað Ásmundarjárn. „Menn hafa þó þurft að eiga skeifur, klinkur, lamir, hnífa og ljái, svo eitthvað sé nefnt og því orðið að finna sér og vinna járn innanlands. Í mínum huga gefur það auga leið, að staður eins og Flóinn, sem er fullur af mýrarrauða og var víði vaxinn framan af öldum hafa rauði og járn verið dýrmæt hlunnindi, sem ekki hafa verið látin ónotuð." Það er fleira sem rennir stoðum undir þessar kenningar en Páll hefur fundið svokallað járnslagg, á engjum í landi Sölvholts og mikið af slaggi hefur komið í ljós við túnvinnslu í Smjördölum.

Markmiðið að kenna fólki að þekkja slaggið

„Ég þekki bæði mýrarrauða og járnslagg vel og verð með sýnishorn af efnunum. Markmiðið með fundinum er að kenna mönnum að þekkja slagg og fræða gesti um hvernig þetta lítur út svo áhugasamir geti áttað sig á því hvort þeir hafi orðið varir við efnið annarsstaðar í Flóanum. Það er auðvelt að taka feil á járnslaggi og hraungjalli á svæðinu, svo misgreining er ekki ólíkleg."

Menningararfur sem ekki má tapast

Það er ljóst að Páli finnst þurfa að standa betri vörð um þennan þátt menningararfs íslendinga en gert hefur verið. „Hvergi á landinu hefur líklega verið meira af rauða sem nota mátti til járnvinnslu en í Flóanum. Það er undarlegt til þess að hugsa að lítið sem ekkert skuli vera vitað um þetta mál yfirleitt og ekkert gert til að efla áhuga á þessum þætti sögunnar bæði í Flóanum og restinni af landinu," segir Páll.

Áhugafólk hvatt til að mæta

Páll vill hvetja sem flesta til að kynna sér efnið. „Það þekkja flestir Flóamenn rauðaleirinn af umgengni sinni við hann. Hitt er mögulegt að menn viti minna um slagg eða þekki það. Þetta gæti ýtt undir áhuga á því að vinna að rannsóknum á málefninu, en mér finnst óþarfi að saga járngerðar í Flóanum verði óskrifað blað í þúsund ár til viðbótar," segir Páll að lokum. *-gpp*

Ómengaður blautur mýrarrauði.

Þurrkað og sigtað mýrarrauðaduft.

FROST
KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

expert kæling
Sími 660 2970
Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
Ísskápaviðgerðir - Almennar raflagnir

HREINGERINGA-
þjónusta Suðurlands ehf.
Allar ræstingar
Steinteppahreinsun, teppahreinsun, bón, gluggahreinsun o.fl.
Sími 897 8444
Hreint um allt Suðurland

prentmet ODDI
heildarlausnir í prentun
Sími 482 1944
selfoss@prentmetoddi.is

Réttingar og málun
Vottað réttingaverkstæði
Cabas tjónaskoðun
Breiðumýri 1, Selfossi
480 8020

VÉLSMIÐJA SUÐURLANDS ehf
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980
Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmíði
Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

Jiiibbiii
Siggaferdir
- Flutningaþjónusta -
Selfoss - Reykjavík f.h. og e.h.
Reykjavík - Selfoss f.h. og e.h.
Reykjavík - Selfoss
Hella - Hvolsvöllur
Sími 772 6010

Bílasprautun - Bílaréttingar
Bílrúðuskipti
Bílverk BÁ
Þar sem fagmennirnir vinna
Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is

ÖKULAND
Meirapróf
Endurmenntun
okuland.is

Hjólbarðaþjónusta Magnúsar
Gagnheiði 25 - Sími 482 2151
HM
Hjólbarðar
Betri vörur - betra verð

Lagnaþjónustan ehf
Pípulagnir - Efnissala
482 2311 ☎ 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS
Viltu vekja athygli á Suðurlandi?
Hafðu samband og fáðu tilboð í auglýsingar í blaðið og á vefinn.
Sími 482 1944
auglysingar@dfs.is

Tækniþjónusta Suðurlands ehf.
Selfossi
Sjónvarpskerfi fyrir hótel og gistihús
Öryggiskerfi
Eftirlitsmyndavélakerfi
Hljóðkerfi
Símkerfi o.fl.
Sérhæfing - Þekking - Reynsla
Gunnar Guðmundsson Sími 694 4922
Vilmundur Sigurðsson Sími 779 6777

D·H BÓKHALD
Bókhaldsþjónusta
Skattskil
Stofnun fyrirtækja
Framtöl og ársreikningar
Fyrirtækjaráðgjöf
Dagbjört Hannesdóttir
MACC í viðskiptafræði
dhbokhald@gmail.com
s. 6933708

FYLGD
Útfaraþjónusta

Gísli G. Guðmundsson

Svanhildur Eiríksdóttir

Elfar F. Sigurjónsson
Vistvænar íslenskar kistur, krossar og legsteinar
Sími 482 4300 • www.fylgd.is • fylgd@fylgd.is

NÝTT
Vinnuvélanámskeið á netinu!
www.vinnuvelaskolinn.is